

# Uppbótartími

Lokaverkefni til stúdentspróf



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Upphafið .....	4
Þættirnir .....	4
Lokaorð .....	6

## Inngangur

Alveg frá því að ég var þínulítill hef ég haft mikinn áhuga á íþróttum. Ég var frekar virkt barn og vildi helst vera úti að brasa. Sem barn prófaði ég að æfa fótbolta, skíði, blak, sund og frjalsar íþróttir. Einnig var boðið upp á skák um tíma í Nesskóla og ég lét mig ekki vanta. Mér hefur alltaf þótt gaman af hreyfingu og að því að prófa nýjar íþróttir. Ég æfði blak, fótbolta og skíði allan grunnskólann en eftir 10. bekk kom að því að ég þurfti að velja. Fótboltinn varð ofan á en það var alls ekki auðveld ákvörðun, allar íþróttirnar höfðuðu til mín og nokkur tár féllu í þessu ákvörðunarferli.

Þegar kom að því að velja lokaverkefni hugsaði ég mig lengi um hvað ég vildi gera og um hvað ég vildi fjalla. Ég var nokkuð viss um að mig langaði að gera einhvers konar hlaðvarp en hvert efnið yrði var óljóst. Ég tók umræðuna við Birgi Jónsson en hann er leiðbeinandi minn í verkefninu, foreldra mína og Þorvarð Sigurbjörnsson en hann hjálpaði mér við tæknilega hluta verkefnisins og vorum við öll sammála um að hlaðvarp tengt íþróttum væri málið. Í kjölfarið hófst hugmyndavinnan.

Ég hef aðeins verið að prófa mig áfram í pílu, hjá Pílufélagi Fjarðabyggðar og finnst mér píla bæði mjög áhugaverð og skemmtileg íþrótt. Því má segja að þar hafi hugmyndin að verkefninu kviknað. Píla er frekar óhefðbundin íþrótt og eftir að ég og félagar mínir fórum að stunda hana fór ég að reyna að fylgjast með henni í fjölmiðlum. Ég tók strax eftir því að íþrótt eins og píla fær litla umfjöllun og það sama má segja um fjölmargar aðrar íþróttir. Úr þessu langar mig að bæta í verkefninu mínu.

Ég ákvað að skila verkefninu á hlaðvarpsformi því að þar liggja styrkleikar mínir. Ég hef gaman að því að ræða við fólk og er góður í mannlegum samskiptum. Einnig hef ég mjög gaman að því að læra nýja og spennandi hluti, ekki síst ef þeir tengjast íþróttum.

Leiðbeinandi minn er Birgir Jónsson en hann er gæða- og verkefnastjóri hjá Verkmenntaskóla Austurlands og vil ég færa honum þakkir fyrir hjálpina. Einnig vil ég þakka Þorvarði Sigurbjörnssyni fyrir tæknilega hjálp og mömmu fyrir yfirlestur.

## Upphafið

Ég byrjaði á því að hugstorma og skrifa upp hugmyndir. Ég ræddi síðan við kennara, vini og fjölskyldu til þess að átta mig betur á því hvað ég vildi gera.

Hlaðvarp varð fljótlega fyrir valinu en ég var smá tíma að ákveða efnistöð hlaðvarpsins. Eftir dágóða hugmyndavinnu ákvað ég að gera hlaðvarp um íþróttir sem að mínu mati fá ekki nægan umfjöllunartíma í fréttum og fjölmiðlum. Næsta skref var síðan að leita mér að viðmælendum og ákvað ég í kjölfarið að leggja upp með fimm þætti, þar af einn inngangsþátt.

Eftir nokkurn undirbúning bæði efnislegan og tæknilegan var lítið annað að gera en að prófa að taka upp fyrsta þáttinn. Fyrsti þátturinn gekk vel og brátt fór ég að huga að þeim næsta og svo koll af kolli.

Uppsetningin er eftirfarandi:

1. Inngangur
2. Þorbjörg Ágústsdóttir - skylmingarkona
3. Hákon Gunnarsson - glímukappi
4. Friðrik Rock Kristinsson - Pílukastari
5. Örvar Elí Sigtryggsson - hestamaður

## Þættirnir

Fyrsti þáttur hlaðvarpsins er eins konar inngangsþáttur, hann er stuttur og enginn gestaviðmælandi. Í þættinum fer ég yfir hvert efni hlaðvarpsins verður og við hverju megi búast í næstu þáttum.

Fyrsti viðmælandi minn kom síðan í öðrum þætti en það var skylmingarkonan Þorbjörg Ágústsdóttir. Þorbjörg hefur æft og keppt í skylmingum í tugi ára og hefur hún því mikla reynslu og þekkingu á íþróttinni. Pjetur St. Arason, kennari, þekkir Þorbjörgu og kom mér í samband við hana. Við ræddum um íþróttina, hvernig hún fer fram, hvort skylmingar séu hættulegar, hvaða búnað einstaklingar þurfa að hafa/eiga og auðvitað um feril Þorbjargar. Þorbjörg er margfaldur Norðurlandameistari í skylmingum með höggsverði og var hún nálægt því að komast á Ólympíuleikana fyrir Íslands hönd. Það sem kom mér mest á óvart í viðtali mínu við Þorbjörgu

er hversu lítið utanumhald er hjá skylmingafélögum á Íslandi. Félögin taka lítinn þátt í kostnaði við keppnisferðir og afreksstefnan er illa mótuð eða engin.

Þriðji þátturinn var viðtal við Hákon Gunnarsson. Hákon er 17 ára Reyðfirðingur sem er að læra vélstjórn í VA. Hákon hefur stundað íslenska glímu í 6 ár eða alveg frá því að hann flutti til Reyðarfjarðar frá Vík í Mýrdal. Hákon hefur náð mjög góðum árangri í glímu á stuttum tíma og unnið til fjölmargra verðlauna. Við Hákon ræddum um íþróttina, hvernig hún virkar, hvernig glímuaðstaðan er á Reyðarfirði, markmið hans og fleira. Það sem kom mér mest á óvart í viðtalinu var þegar við ræddum markmið Hákons í glímu en þau eru mjög háleit og spennandi. En Hákon stefnir að því að verða yngstur í sögunni til þess að vinna Grettisbeltið í apríl. En hann náði því miður ekki því markmiði og lenti hann í 2. sæti í mótinu.

Í fjórða þætti fékk ég pílukastarann Friðrik Rock Kristinsson í viðtal. Fiddi Rock, eins og hann er oftast kallaður, hefur verið að kasta pílum í mörg ár og er hann einn af stofnendum Pílufélags Fjarðabyggðar. Fiddi hefur keppt á nokkrum mótum í pílu á Íslandi og náð ágætum árangri. Fiddi hefur gífurlegan áhuga á pílukasti og gat því frætt mig um margt. Við Fiddi ræddum hvernig íþróttin fer fram, förum yfir reglurnar og þessháttar og hversu gífurlega sterkar taugar þarf í nákvæmnisíþrótt eins og pílu. Einnig ræddum við um uppgang og vinsældir íþróttarinnar hérlendis og í Neskaupstað. Það sem kom mér mest á óvart er hversu flotta framtíðarsýn Fiddi hefur um pílukast í Neskaupstað en hann langar að nýta aðstöðuna enn betur og hefja æfingar fyrir börn hér í bæ.

Fimmti og síðasti þátturinn fjallar um hestamennsku. Ég fékk í heimsókn hinn 17 ára gamla Örvar Elí Sigtryggsson en hann hefur stundað hestamennsku frá því að hann man eftir sér. Örvar hefur átt sinn eiginn hest í nokkur ár og hefur hann mikinn áhuga á íþróttinni og allri vinnunni sem fylgir henni. Í þættinum ræddum við saman um búnaðinn sem hestamennskan krefst, í hverju er keppt og hvað þarf helst að hafa í huga þegar maður á hest. Það sem kom mér mest á óvart í þessum þætti var öll sú gífurlega vinna sem liggur að baki því að eiga hest og stunda hestamennsku.

Hér er hlekkur á hlaðvarpið mitt <https://soundcloud.com/dagur-hjartarson>

## Lokaorð

Ég er nokkuð ánægður með lokaverkefnið mitt. Í upphafi var ég alls ekki viss um hvernig lokaútkoman yrði en þegar ég lít til baka þá er þetta áhugavert og flott hlaðvarp.

Ég hef lagt metnað og vinnu í verkefnið og hef lært mikið á þessu ferli. Þegar ég byrjaði á hlaðvarpinu gerði ég mér ekki grein fyrir hversu mikil vinna færi t.d. í undirbúning og að klippa og betrumbæta þættina. Ég var ekki sleipur í tæknimálunum og kunni lítið á forrit sem maður notar í slíkri vinnu. Þorvarður Sigurbjörnsson hjálpaði mér með tæknimálin og er ég afar þakklátur honum fyrir þá hjálp. Verkefnið hefur verið mjög lærdómsríkt og mun það eflaust gagnast mér vel í framtíðinni. Þá er það einlæg von mína að þetta hlaðvarp verði einhverjum hvatning til þess að prófa nýja og óhefðbundna íþrótt.